

KOSNING UM SAMEININGU

STYKKISHÓLMSBÆJAR OG HELGAFELLSSVEITAR



STERKARI SAMAN

Um bæklinginn

Bæklingurinn er byggður á efni úr minnisblöðum samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaganna. Ítarleg minnisblöð eru á vefnum www.helgafellssveit.is. Nefndin átti samráð við íbúa og kemur til með að kynna áherslur sínar enn frekar á íbúafundum 14. mars.



Með sameiningu skapast aukin fjárfestingargeta.

Sameiningarframlög skapa aukið svigrúm til fjárfestinga. Samstarfsnefndin leggur áherslu á að endurbætur verði gerðar á félagsheimilinu á Skildi og að farið verði fyrr af stað með viðbyggingu við grunnskólann vegna þess svigrúms sem skapast til fjárfestinga.

Við sameiningu skapast tækifæri til að tryggja áhrif íbúa í dreifbýli.

Samstarfsnefndin leggur til að sett verði á fót sérstakt dreifbýlisráð til tryggja áhrif íbúa í dreifbýli á stjórnsýslu.

Fasteignaskattar í dreifbýli munu hækka við sameiningu.

Samstarfsnefndin leggur til samræmingu fasteignaskatta og að sérstakur tímabundinn styrkur verði veittur ferðaþjónustufyrirtækjum í dreifbýli.

Við sameiningu skapast aukin sóknarfæri fyrir byggðina.

Áhrifa mun gæta í samtali stærra sveitarfélags við þing og ríkisstjórn og er lögð áhersla á að byggt verði upp þróunarsetur/klasasamstarf í sveitarfélaginu, lögð verði þung áhersla á vegaframkvæmdir eins og Skógarstrandarveg og lagningu slitlags á tengivegi. Sjónum verði beint að frekari uppbyggingu Bakdeildar í Stykkishólmi og Eyrbyggjuseturs á Skildi.



Helgafellssveit sem sögusvið á Landnámsöld á sér sterka sögu. Landnámsmaðurinn Þórólfur Mostraskegg nam hér land og stofnaði fyrsta þing Íslands, Þórsnesþing.



Svæðið er um 254 km² en seint á 19. öld varð Stykkishólmur að sérstökum hreppi sem náði yfir 11 km² á Þórsnesinu í Helgafells-sveitinni. Var það einkum vegna nýrrar kirkjusóknar í Stykkishólmi sem sóknarmörk voru dregin þar sem sveitarfélagamörkin liggja, enn þann dag í dag.



Samgangur milli hreppanna og síðar sveitarfélaganna Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar hefur ávallt verið mikill á öllum sviðum samfélagsins sem íbúar í báðum sveitarfélögum hafa notið góðs af.



Hugmyndir um sameiningu þessara tveggja sveitarfélaga hafa verið ræddar áður, en seint á árinu 2021 ákváðu sveitarstjórnir beggja sveitarfélaganna að kanna möguleika enn á ný til sameiningar. Regluverk og stjórnsýsla hefur þróast á þann veg að fámenn sveitarfélög eiga fullt í fangi með að standa við verkefni sín.



Samstarfsnefnd um sameiningu Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar hefur starfað frá desember 2021. Nefndin hefur fengið til sín sérfræðinga, starfsmenn ríkisstofnana og sveitarfélaganna til að rýna í stöðuna og velja upp sóknarfærum fyrir nýtt sameinað sveitarfélag.



Samstarfsnefndin leggur til að íbúar fái tækifæri til að **kjósa** um sameiningu sveitarfélaganna **26. mars 2022**. Það er jafnframt álit nefndarinnar að sameiningin muni hafa fleiri kosti í för með sér en galla og henni fylgi mörg tækifæri sem annars stæðu sveitarfélögum ekki til boða. Nefndin mælir með sameiningu.



Verði sameining samþykkt í báðum sveitarfélögum verður **kosið í sameinuðu sveitarfélagi** í sveitarstjórnarkosningum í **maí 2022**.

HELSTU ÁHERSLUR SAMSTARFSNEFNDAR FYRIR SAMEINAÐ SVEITARFÉLAG

ORKA, FJARSKIPTI, SKIPULAG OG UMHVERFISMÁL

- Ný lög um sorphirðu taka gildi árið 2023. Sameinað sveitarfélag er betur í stakk búið að takast á við þær breytingar sem verða af þeim sökum.
- Reglur um snjómokstur í dreifbýli verði endurskoðaðar og útfærðar í samráði við dreifbýlisráð.
- Aðalskipulög sveitarfélaganna eru unnin í dag með ólíkum hætti og komi til sameiningar eru tækifæri til frekari samlegðaráhrifa og að þau liggja betur saman. Skipulagsmál verði einfaldari í úmsýslu og hægt að samræma innviði, svo sem vegi, stíga og lagnaleiðir.
- Betra utanumhald um umsóknir þ.m.t. byggingarleyfi og skipulagsgögn í rafrænu málakerfi sem þegar er í notkun í Stykkishólmi.
- Verkefni unnin af þjónustumiðstöð og eignaumsjón falla undir sameiginlegt umhverfis- og skipulagssviðs.
- Áhersla verði lögð á kortlagningu og stöðugreiningu í þeim tilgangi að auka framboð á heitu vatni til frekari uppbyggingar í sveitarfélaginu.
- Þrýst verði á bættu stöðu ljósleiðaravæðingar í Stykkishólmi.

FRÆÐSLA, FRÍSTUNDIR OG TÓMSTUNDIR

- Félagsmiðstöð fyrir nemendur í 5. - 10. bekk verði í grunnskólanum til kl. 16 virka daga.
- Stefnt verði að viðbyggingu norðaustan megin við grunnskólann sem myndi hýsa Tónlistarskóla Stykkishólms og Félagsmiðstöðina X-ið ásamt því að mæta aukinni rýmisþörf grunnskólans og Regnbogalands.
- Stefnt verði að úrbótum á búningsklefum og öðru skipulagi innan íþróttamiðstöðvar og sundlaugar, þannig að hægt verði að bæta nýtingarmöguleika og styðja betur við ferðapjónustu.
- Miðstöð öldrunarþjónustu verði byggð upp á Skólastíg.
- Verði af sameiningu sveitarfélaganna munu eldri borgarar í Helgafellssveit og Stykkishólmi hafa jafnan aðgang að þjónustu og búseturéttaribúðum. Sama á við um þjónustu við ungmenni og börn eins og t.a.m. frístunda- og tómstundastarf.

FJÁRMÁL OG FJÁRFESTINGAR

- Framlag úr Jöfnunarsjóði er áætlað 619 milljónir króna vegna sameiningar, ef af sameiningu verður.*
- Árlegar tekjur frá Jöfnunarsjóði sameinaðs sveitarfélags hækka um 5 milljónir króna, auk sameiningarframlaganna.
- Sameiningarframlögin skapa aukið svigrúm til fjárfestinga.
- Forgangsverkefni verði að ráðast í endurbætur á félagsheimilinu Skildi og að nýta svigrúm til fjárfestinga til að flýta framkvæmd viðbyggingar við grunnskólann (sjá umfjöllun um fræðslumál).
- Vegna hækkunar fasteignaskatta í Helgafellssveit verði tímabundið komið til móts við ferðapjónustufyrirtæki í dreifbýli.
- Vísbendingar eru um að sameinað sveitarfélag hefði gott veltufé frá rekstri og að afgangur langtímalána léttist á næstu árum.
- Árið 2022 hefði sameinað sveitarfélag skuldahlutfall 138% en áætlað er að hlutfallið fari lækkandi og verði 127% árið 2025.
- Ef til sameiningar kemur eru vísbendingar um að skuldajöfnunarframlög vegna sameiningar standi undir meirihluta fjárfestinga í áætlunum sameinaðs sveitarfélags. Sameinað sveitarfélag hefði því gott svigrúm til fjárfestinga umfram þær sem er nú að finna í áætlunum sveitarfélaganna.
- Sameinað sveitarfélag myndi standast jafnvægisreglu árin 2023 – 2025 miðað við áætlanir og vísbendingar eru um að rekstur sameinaðs sveitarfélags yrði í rekstrarjafnvægi.
- Sama gjaldskrá gildir fyrir alla íbúa á grunni þjónustu sem er veitt.


* Framlög úr Jöfnunarsjóði eru greidd út á sjö árum eins og sjá má í minnisblöðum samstarfsnefndar.

STJÓRNSÝSLA

- Ný stjórnsýslueining verður til sem tekur ákvarðanir um réttindi, skyldur og þjónustu við íbúa.
- Dreifbýlisráð. Skipað þremur aðilum, einum kjörnum aðalmanni úr sveitarstjórn og tveimur sem kosnir eru í beinni kosningu af íbúum dreifbýlis.
- Dreifbýlisráð getur vísað málum á dagskrá sveitarstjórnar.
- Endurskoðuð verði Brunavarnaráætlun fyrir allt sveitarfélagið með tilliti til úrbóta í dreifbýli.

HAGSMUNIR

- Aðaláherslur í samskiptum við ríkisstjórn og Alþingi verði lagðar á atvinnuþróun, samgöngumál og heilbrigðismál:
- Lögð verði áhersla á bættar samgöngur og horft sérstaklega til uppbyggingar Skógarstrandarveggar, nýrrar Breiðafjarðarferju og aukins fjármagns í uppbyggingu vega og bundins slittlags á tengivegi í Helgafellssveit.
 - Stofnað verði *Þekkingar- og rannsóknarsetur við Breiðafjörð* sem hafi það að meginmarkmiði að stuðla að auknu klasasamstarfi einstaklinga, atvinnulífs, stofnana og opinberra aðila og þannig að stuðla megi að jákvæðri samfélags- og byggðapróun á svæðinu.
 - Heilbrigðisþjónusta er áherslumál þ.m.t. fjarheilbrigðisþjónusta.
 - Bakdeildina má efla enn frekar með bættari aðstöðu og fjölgun starfsfólks sem myndi stytta biðlista um þjónustu sem öllum landsmönnum stendur til boða.



26.MARS 2022

SPURT & SVARÐ

Á vefsíðunni helgafellssveit.is er að finna itarefni og þar er spurningum svarað jafnt og þétt sem sendar eru nefndinni.



Kosningarétt eiga allir íbúar sveitafélaganna sem eru með íslenskt ríkisfang og hafa náð 18 ára aldri á kjördag, ríkisborgarar Norðurlandanna sem hafa lögheimili á Íslandi í þrjú ár samfleytt og aðrir erlendir ríkisborgarar eftir fimm ára samfellda búsetu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA UTAN KJÖRFUNDAR

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla er hafin hjá sýslumönnum um land allt og í sendiráðum erlendis. Þeir kjósendur sem greiða atkvæði utan kjörfundar annarsstaðar en hjá Sýslumanninum í Stykkishólmi þurfa að koma atkvæði sínu sjálfir til skila. Námsmenn sem búsettir eru á Norðurlöndunum eiga rétt á að vera teknir á kjörskrá en sækja þarf sérstaklega um það hjá Þjóðskrá Íslands á þar til gerðu eyðublaði (K-101) ásamt því að skila inn staðfestingu á námsvist. Hægt er að kjósa utan kjörfundar á skrifstofu Sýslumannsins í Stykkishólmi á opnunartíma fram að kjördegi.

Nánari upplýsingar um fyrirkomulag atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, um atkvæðagreiðslu í heimahúsi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar veitir viðkomandi sýslumannsembætti eða sendiráð. Kjósendur skulu framvísa persónuskilríkjum við kosninguna.



KYNNINGAREFNI ER AÐ FINNA Á
[HELGAFELLSSVEIT.IS](https://helgafellssveit.is)
& Á FACEBOOK SÍÐUNNI
[#BREIDFIRÐINGAR](https://www.facebook.com/helgafellssveit)
FYLGIST MEÐ!

NEFNDIN HVETUR
ÍBÚA TIL AÐ KYNNA
SÉR TILLÖGUNA VEL
OG AÐ NÝTA SÉR
KOSNINGARÉTTINN



Íbúafundir fara fram:

Stykkishólmur

Stykkishólmskirkja 14. mars 2022 kl. 17:30

Helgafellssveit

Félagsheimilið Skjöldur 14.mars 2022 kl. 20:00